

**Fundargerð samráðsnefnd Sambands íslenskra sveitarfélaga
bæjarstarfsmannafélaga innan BSRB**

Fundur var haldinn í samráðsnefnd Sambands íslenskra sveitarfélaga og bæjarstarfsmannafélaga innan BSRB þann 7. apríl 2022.

Fulltrúar BSRB voru: Arna Jakobína Björnsdóttir, Guðmundur Freyr Sveinsson og Karl Rúnar Þórsson.

Fulltrúar Sambands íslenskra sveitarfélaga voru: Benedikt Þór Valsson, Berglind Eva Ólafsdóttir og Inga Rún Ólafsdóttir, sem ritaði fundargerð.

Eftirfarandi mál var tekið fyrir:

1. Hagvaxtarauki

Í gildandi kjarasamningum Sambands íslenskra sveitarfélaga eru tengiákvæði við lífskjarasamninga á almennum vinnumarkaði um greiðslu hagvaxtarauka. Nú hefur forsendunefnd ASÍ og SA staðfest að hagvaxtarauki að upphæð 10.500 kr. komi á taxtalaun frá 1. apríl og til greiðslu þann 1. maí næstkomandi.

Niðurstaða:

Samstarfsnefndin er sammála um að frá 1. apríl bætist hagvaxtaraukinn 10.500 kr. við launatöflur gildandi kjarasamninga aðila. Hagvaxtaraukinn kemur til greiðslu frá og með mánaðarmótum apríl-maí 2022.

Fleira var ekki gert.

Fundi slitið.